

með því ákærði hefir alið allan aldur sinn í Vestmannaeyjum að undanskildum nefndum 3 ára tíma, og það því er meira en líklegt, að kunnugt hefði verið í Vestmannaeyjum ef ákærði hefði sætt hegningu eystra, þá hefir þótt mega við svo búíð standa um þetta atriði. Að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskadur, þó þannig, að hegningin sé 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærða ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. marzmánaðar.

Nr. 2/1901:

Réttvísni

gegn

Jónasi Jónassyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 4. september f. ár, var hinn ákærði Jónas snikkari Jónasson, dæmdur fyrir brot gegn alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 261. gr., til að sæta

2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar á meðal málsvarnarlaun í héraði, 10 krónur. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttarins af hálfu réttvísinnar og eftir beiðni hins ákærða.

Það er með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, löglega sannað, að eftir að smíðahús hans á Þingeyri hafði brunnið með ýmsum smíðatólum og öðrum munum, nóttina milli 13. og 14. nóvemberm. 1899, en húsin og smíðatólin voru í eldsvodaábyrgð hjá »det kgl. octr. alm. Brandassurance-Compagni«, hafi hann samið skrá yfir munina, sem brunnu, verðsett þá, og krafist endurgjalds fyrir þá af umbodsmanni ábyrgðarfélagsins. Meðal munanna taldi hann fram hefilbekk, og setti verð hans á 50 kr. Það hefir þó síðar sannast, og ákærði hefir kannast við það, að hann hafi engan hefilbekk átt, og að enginn hefilbekkur hafi brunnið með munum hans. Í hefilbekks stað hafði hann í smíðahúsinu planku með ánegldri skáskífu, sem kostaði 3—4 krónur. Hefir ákærði kannast við það, að hann hafi talið fram hefilbekkinn á skránni yfir hina brunnu muni, til þess að fá þeim mun hærra brunabóta-iðgjald, sem nam verði því, er hann setti á hann.

Þetta afbrot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður sætt dómi eða refsingu fyrir neinn glæp, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 261. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með því að refsingin

þykir hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkjast, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdómin lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Jónas Jónasson greiði einnig allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1900:

W. Ó. Breiðfjörð
gegn
Sigfúsi Eymundssyni.

D ó m u r:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, gengnum 1. nóv. f. á., var aðaláfrýjandi þessa máls, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð, dæmdur fyrir meiðandi ummæli um stefnda og gagnáfrýjanda, Sigfús Ey-